

Mánudaginn 21. mars 1983.

Nr. 46/1981. **Jóhannes Arason**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Ferðamiðstöðinni h/f

(Garðar Garðarsson hdl.).

Fargjald. Flutningur á mönnum. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. febrúar 1981. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfur þær, sem stefndi sækir áfrýjanda um í máli þessu, eru vegna flutnings á mönnum, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, og fyrnast á 4 árum. Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. sömu laga, en ekki er upplýst annað en að kröfurnar hafi orðið gjaldkræfar við útgáfu farseðlanna. Kröfur vegna farseðla, útgefinna 3. og 11. júlí 1975, að fjárhæð 1.888.12 krónur voru því fyrndar, er héraðsdómsstefna var birt 22. nóvember 1979. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna áfrýjanda af þessum kröfuliðum. Áfrýjandi viðurkennir, að honum hafi borið að greiða farseðla þá, sem út voru gefnir 5. desember 1975, en heldur því fram, að hann sé búinn að greiða andvirði þeirra, 1.424.95 krónur. Hann hefur ekki gegn mótmælum af hálfu stefnda sannað, að svo sé. Ber því að dæma hann til að greiða stefnda þá fjárhæð. Gegn neitun áfrýjanda telst ósannað, að áfrýjandi hafi verið krafinn um greiðslu á skuld þessari fyrr en með bréfi lögmanns stefnda 17. október 1979. Verða vextir af skuldinni því ekki dæmdir nema frá þeim tíma.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1.424.95 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jóhannes Arason, greiði stefnda, Ferðamiðstöðinni h/f, 1.424.95 krónur með 27% ársvöxtum frá 17. október 1979 til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 6.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 16. janúar 1981.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 14. janúar sl., hefur Ferðamiðstöðin h/f, Aðalstræti 9, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. nóvember 1979, á hendur Jóhannesi Arasyni niðursuðufræðingi, Njarðargötu 5, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 694.227 auk 4.5% vaxta á mánuði og fyrir brot úr mánuði frá 1. október 1979 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlaus.

Málavöxtum er lýst svo í stefnu, að á árinu 1975 hafi stefndi keypt farseðla til útlanda hjá stefnanda og hafi þeir verið skuldfærðir á viðskiptareikning stefnda, samtals kr. 331.307. „Stefnandi vaxtareiknaði skuldina um hver áramót, og nam hún kr. 452.357 pr. 1.1.1978. Á árinu 1978 tók stefndi út einn farseðil að fjárhæð kr. 115.600 og greiddi um leið innborgun kr. 57.800. Þegar reiknaðir höfðu verið vextir til 1.1.1979, nam skuldin kr. 670.920. 16.1.1979 greiddi stefndi innborgun kr. 38.000, en engu að síður nam skuld hans með vöxtum til 1.10.1979 kr. 694.227, sem er stefnu-fjárhæðin.“

Í greinargerð stefnanda segir, að stefndi hafi tilkynnt eftir stefnubirtingu, að skuld vegna farseðla frá 31. ágúst 1978 væri sér óviðkomandi. „Farseðlar þessir, nr. 278/4400130356— og 7, voru gefnir út á stefnda og konu hans, og greiddi kona hans sinn hluta strax, en hluti stefnda var reikningsfærður á viðskiptareikning hans. Stefndi greiddi síðan innborgun á reikning sinn, kr. 38.000, hinn 16.1.1979 og síðan eftir stefnubirtingu kr. 19.800 með pósti.“

Við munnlegan flutning gerði lögmaður stefnanda þá leiðréttingu á

framangreindum ummælum, að nefndir seðlar, í raun farseðill vegna einnar ferðar - framhaldsfarseðill, hefðu verið gefnir út á stefnda einan.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram yfirlit, dags. 4. október 1979, er sýnir svofellða sundurliðun stefnukröfunnar:

„03 07 75 Farseðill 278001041574	48.116	
11 07 75 Farseðill 278404341251		
11 07 75 Farseðill 278404341252		
11 07 75 Farseðill 278404340451-2	140.696	
05 12 75 Farseðill mco. 278001042183		
05 12 75 Farseðill mco. 278001042184	142.495	331.307
31 12 75 Vextir 1975 16% í ½ ár	15.100	346.407
31 12 76 Vextir 1976 16%	40.223	386.630
31 12 77 Vextir 1977 17%	65.727	452.357
31 08 78 Vextir 01 01 1978 - 31 08 78		
23.5%	70.813	
31 08 78 Farseðill 2784400130356/7	115.600	
31 08 78 Innborgað	(57.800)	
31 12 78 Vextir 31 08 78 - 31 12 78		
23.5% af 510.157	39.950	620.920
16 01 79 Innborgun	(38.000)	
30 09 79 Vextir 01 01 1979 - 30 09 78		
25.5%	111.307	
Skuld pr. 30. 09 1979 kr.		694.227**

Af hálfu stefnda eru í greinargerð gerðar þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda. Málavaxta-lýsing stefnanda er mótmælt þannig:

1) Fjóra farseðla, dags. 3. - 11. júlí 1975, hafi norska firmað Georg J. Krogtoft keypt hjá stefnanda, en starfsmenn þess hafi komið hingað til lands til viðskiptaviðræðna við Örn Erlendsson, stjórnarmann í Ferðamiðstöðinni h/f, og fleiri. Stefndi hafi starfað á þessum tíma hjá Georg J. Krogtoft. Örn Erlendsson hafi útvegað hinu erlenda firma þessa miða hjá stefnanda. Stefndi hafi kvittað fyrir móttöku nefndra seðla fyrir hönd firmans.

2) Farseðla, dags. 5. desember 1975, hafi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnanda, Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður, afhent

stefnda sem greiðslu fyrir vinnu, sem stefndi framkvæmdi fyrir hann, þ. e. að teikna caviar-verksmiðju á Raufarhöfn.

3) Eiginkona stefnda, Kristrún Guðmundsdóttir, hafi keypt farseðil hjá stefnanda hinn 31. ágúst 1978 og greitt við móttöku helminginn út. Seðill þessi muni vera að fullu greiddur.

Að öðru leyti eru dómkröfur stefnda rökstuddar þannig, að krafa vegna farseðla, dags. 3.—11. júlí 1975, sé fyrnd, enda tilbúningur stefnanda, að stefndi hafi verið í föstum, hvað þá óslitnum, viðskiptum við stefnanda. Kannast stefndi ekki við að hafa nokkurn tíma fengið senda viðskiptareikninga frá stefnanda eða greitt innborganir á slíkan reikning. Að auki séu farseðlarnir honum persónulega óviðkomandi. Farseðlar 5. desember 1975 séu að fullu greiddir, hvað stefnda varðar, en að öðru leyti beri Guðjóni Styrkárssyni að svara til greiðslu þeirra. Þá sé farseðill 31. ágúst 1978 stefnda óviðkomandi.

Vaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt.

II.

Í málinu hafa af hálfu stefnanda verið lagðir fram reikningar vegna þeirra farseðla, sem um ræðir. Einnig hafa verið lögð fram myndrit farseðlanna. Verður nú greint frá efni þessara skjala í nokkrum meginatriðum:

1) Reikningur, dskj. nr. 4, dags. 3. júlí 1975, að fjárhæð kr. 48.116. Farþegi tilgreindur Thor Nielsen og tilvísun í farseðil nr. 278001041574. Um þessi atriði ber reikningnum saman við myndrit seðils, Miscellaneous Charges Order, dskj. nr. 10. Á reikningnum er nafnritun stefnda, en hann er stílaður á stefnda c/o Örn Erlendsson.

2) Reikningur, dskj. nr. 5, dags. 11. júlí 1975, að fjárhæð kr. 140.696 vegna farseðla nr. 278404341251, 278404341252 og 278404340451-2. Um þessi atriði ber reikningnum saman við myndrit farseðla, dskj. nr. 11 og 12. Á fyrsttöldum farseðli er farþegi J. Arason, á öðrum Th. Nielsen og á hinum þriðja, sem er framhaldsfarseðill (tvö númer), er farþegi tilgreindur U. Ingvarsdóttir. Reikningurinn er stílaður á stefnda og móttökukvittaður með nafnritun hans.

3) Reikningur, dskj. nr. 6, dags. 5. desember 1975, að fjárhæð kr. 142.495, stílaður á Jóhannes Arason, Lofoten, vegna Miscellaneous Charges Order nr. 278001042183 og 278001042184. Myndrit samsvarandi seðla, dskj. nr. 13, sýnir, að þeir eru gefnir út í tengslum hvor við annan. Farþegar á fyrrnefndum seðli eru tilgreindir K. Arason, A. Arason, A. Arason og I. Arason. Farþegi samkvæmt síðarnefndum seðli er Jóhannes Arason.

4) Reikningur, dskj. nr. 7, stílaður á Kristrínu Guðmundsdóttur, Njarðargötu 5, Keflavík, c/o Örn Erlendsson, dags. 31. ágúst 1978, að fjár-

hæð kr. 115.600, en eftirstöðvar kr. 57.800 eftir greiðslu sömu fjárhæðar. Myndrit, dskj. nr. 14, farseðla tilgreindra á reikningnum, nr. 2784 400130356/7 sýna, að þeir eru vegna eins og sama ferðalags, og er farþegi á þeim tilgreindur J. Arason.

Af hálfu stefnanda gaf aðiljaskýrsla stjórnarformaður hans, Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður.

Hann kvað dskj. nr. 10 og 13 sýna skuldfærsluviðurkenningar Miscellaneous Charges Order, sem væru þannig, að stefnandi hafi samkvæmt pöntun (þá gjarnan í síma) verið skuldfærður fyrir útgáfu farseðils, sem síðan hafi verið gefinn út erlendis af Loftleiðum h/f. Hann kvað dskj. nr. 12 og 14 hvort um sig sýna farseðil vegna einnar og sömu ferðar, en af tæknilegum ástæðum verið gefnir út tveir seðlar, þar sem á einum og sama seðlinum rúmist aðeins fjórar ferðaeiningar. Hann kvað ástæðu þess, að reikningur, dskj. nr. 7, sé stílaður á eiginkonu stefnda, Krístrúnu Guðmundsdóttur, þótt farseðill, dskj. nr. 14, hafi verið vegna stefnda, hafa verið þá, að hún hafi komið á skrifstofu stefnanda að sækja seðlana (farseðilinn). Hafi Krístrún farið ásamt stefnda, og þá á vegum stefnda, hafi ekki orðið til skuld vegna farseðils hennar. Því sé nú allavega að mestu búið að greiða skuldina vegna nefnds farseðils að undanskildum vöxtum, þ. e. með kr. 57.800, þ. e. með kr. 57.800 og kr. 38.000, en þar við bætist, að stefndi hafi sent stefnanda kr. 19.800 í pósti eftir höfðun máls þessa upp í viðskipti aðiljanna án nánari tilgreiningar. Varðandi farseðla eða skuldfærsluviðurkenningar, útg. í desember, sagði Guðjón Styrkársson, að viðskipti sín og stefnda væru óviðkomandi viðskiptum stefnanda og stefnda. Stefndi hefði að visu teiknað fyrir sig caviar-verksmiðja á Raufarhöfn og hefði verið um samið, að ekkert yrði greitt fyrir þá frumteikningu, nema hún yrði notuð, sem hefði enn ekki orðið. Hins vegar hefði hann greitt stefnda nokkurn kostnað, þ. á m. ferðakostnað, vegna undirbúnings verksins, en þau viðskipti komi engan veginn við útgáfu nefndra farseðla. Varðandi farseðla, útgefna í júlí 1975, skýrði Guðjón svo frá, að stefnandi hefði ekki átt nein viðskipti við firmað Georg J. Krogtoft að undanskildum ef til vill staðgreiðsluviðskiptum með farseðla. Hann kvaðst vita, að stefndi hefði starfað hjá firmanu, svo og að stefndi og Örn Erlendsson væru nú samstarfsmenn. Það eina, sem hér skipti hins vegar máli, sé það, að stefndi hafi kvittað fyrir móttöku farseðlanna, sbr. dskj. nr. 4 - 5.

Aðiljaskýrsla stefnda fjallaði um þrjú meginatriði:

1) *Viðskipti, sem firmað Georg J. Krogtoft átti við stefnanda.*

Hann kvað Örn Erlendsson hafa beint viðskiptum þessa aðilja til stefnanda, en þó að hann hafi sjálfur verið starfsmaður nefnds firma, væri honum óviðkomandi skuld vegna ógreiddra farseðla, sbr. dskj. nr. 10 og

11. Hann kannaðist við nafnrítanir sínar á dskj. nr. 4 og 5. Kvaðst hann ekki hafa séð ástæðu til að hika við að kvitta fyrir móttöku farseðlanna og sist af öllu vegna sambands Arnar Erlendssonar við nefnt firma, en Örn hafi jafnframt verið stjórnarmaður stefnanda.

2) *Viðskipti stefnda og Guðjóns Styrkárssonar.*

Hann kvað hafa verið um talað, að fyrir að teikna fyrir Guðjón cavíarverksmiðja á Raufarhöfn fengi hann farseðla frá Noregi. Hann hafi síðan fengið senda farseðla, sbr. dskj. nr. 6 og 13, handa fjölskyldu sinni frá Lofoten til Hamborgar og aftur til baka.

3) *Varðandi dskj. nr. 7 og 14.*

Stefndi kvað farseðil þann (farseðil + framhaldsseðil), sem greinir á dskj. nr. 14, sbr. dskj. nr. 7, hafa verið greiddan af Lagmetisiðjunni, Garði, og hafi Örn Erlendsson mótttekið seðlana fyrir hann hjá stefnanda. Hann kvað eiginkonu sína, Krístrúnu Guðmundsdóttur, hafa farið með sér í ferð þessa og hafi seðlar (seðill) hennar verið með næstu tveimur númerum fyrir ofan, þ. e. 2784460130358/-9. Krístrún hafi sjálf sótt seðla sína og greitt fyrir þá að fullu. Lagði hann fram, dskj. nr. 18, póstkvittun að fjárhæð kr. 19.800, dags. 23. nóvember 1979, sendandi Krístrún Guðmundsdóttir, móttakandi stefnandi, og væri þar um að ræða fullnaðargreiðslu á skuld hennar.

Vitnið Örn Erlendsson, Espigerði 2, Reykjavík, kvaðst vera stjórnarmaður í Ferðamiðstöðinni h/f (stefnanda) og hafa verið frá stofnun og jafnframt væri hann framkvæmdastjóri í Lagmetisiðjunni Garði, þar sem þeir stefndi væru samstarfsmenn og sameigendur. Hann var spurður um viðskipti varðandi dskj. nr. 4, þar sem nafn hans er ritað. Kvað hann þarna um það að ræða, að hann hefði beint viðskiptum þessum til stefnanda og beitt áhrifum sínum til, að miðaverðið fengist lánað, en kvaðst ekki vita, hver hefði fengið það lánað. Hann kvaðst hafa kynnst firmanu Georg J. Krogtoft og samnefndum eiganda þess fyrir milligöngu stefnda, þáverandi starfsmanns firmans, og átt nokkurt samstarf við það, meðal annars með því að selja framleiðsluvörur þess. Þessi samskipti hefðu verið áður en reikningur, dskj. nr. 4, er dagsettur. Hann kvað Thor Nielsen hafa verið starfsmann nefnds firma, en hann hefði ekki komið til Íslands á sínum vegum. Hann skýrði svo frá varðandi það, að nafn hans er ritað á dskj. nr. 7, að Krístrún, eiginkona stefnda, hafi verið starfsstúlka í Lagmetisiðjunni og hafi hann vísað henni á stefnanda. Um leið hafi stefndi farið utan á vegum stefnanda, en sá farmiði hafi verið greiddur af Lagmetisiðjunni.

Vitnið Thor Nielsen vélamaður, Gerðavegi 20, Garði, kvaðst hafa verið starfsmaður firmans G. J. Krogtoft ásamt stefnda, er þeir sumarið 1975 hefðu verið sendir til Íslands í u. þ. b. vikuferð. Hann kvaðst ekki hafa haft samband við Örn Erlendsson í ferðinni, enda ekki verið á hans vegum.

Stefndi gaf skýrslu öðru sinni fyrir dóminum. Hann skýrði þá frá því, að „Ingvarsdóttir“, sbr. dskj. nr. 5 og 12, væri tengdamóðir hans, Unnur Ingvarsdóttir, sem ekki hafi verið starfsmanneskja G. J. Krogtoft. Viðurkenndi hann, að það væri hans mál að greiða farseðil þann, sem þar um ræðir, án þess að hann að svo stöddu félli frá málsástæðu, sem byggist á fyrningu.

III.

Stefndi kvittaði fyrir móttöku farseðla, útgefina í júlí 1975, samtals að fjárhæð kr. 188.812, til flugferða hans sjálfs, tengdamóður og samstarfsmanns hjá hinu norska fyrirtæki, Georg J. Krogtoft. Ósannað er, að það fyrirtæki hafi keypt farseðlana eða að stefndi hafi við kaupin komið fram sem umboðsmaður fyrirtækisins.

Farseðlar, útgefnir í desember 1975, samtals að fjárhæð kr. 142.495, voru vegna flugferða stefnda og fjölskyldu hans. Stefndi hefur ekki leitt sönnur að því, að farseðlarnir hafi verið endurgjald af hálfu Guðjóns Styrkárssonar fyrir teikningu cavíar-verksmiðju.

Krafa stefnanda vegna framangreindra farðeðla telst til verslunarskulda. Augljóst er, að ekki var gert ráð fyrir staðgreiðslu, og þar sem ekki hefur verið leitt í ljós, að samið hafi verið um annan gjaldþaga, hófst fyrningarfrestur hennar 1. janúar 1976, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Fyrningarfresturinn samkvæmt 1. tl. 3. gr. sömu laga var því ekki liðinn, er stefna í máli þessu var birt hinn 22. nóvember 1979, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 11. gr. sömu laga.

Rökstuðningur stefnanda fyrir kröfu vegna farseðils, útgefins 31. ágúst 1978, eftirstöðvar að fjárhæð kr. 57.800, er óskýr, en skilja verður framburð stjórnarformanns stefnanda þannig, að höfuðstóll kröfunnar sé nú greiddur. Niðurstaða dómsins varðandi kröfulið þennan er sú, að samhljóða skýrsla stefnda og vitnisins Arnar Erlendssonar um, að skuld vegna farseðilsins hafi ekki stofnast, verður lögð til grundvallar og stefndi sýknaður af öllum kröfum vegna greinds farseðils.

Niðurstaða málsins miðast við verðgildi nýkróna, sbr. gjaldmiðilsskipti, sem urðu um sl. áramót.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 3.313.07 ásamt ársvöxtum, sem ákveðast 13% frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 2.500.00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jóhannes Arason, greiði stefnanda, Ferðamiðstöðinni h/f, kr. 3.313.07 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 25% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. mars 1983.

Nr. 206/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Lárusi Guðmundi Valdimarssyni

(Unnsteinn Beck hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekunaráhrif. Áfrýjun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Málinu er áfrýjað af hálfu ríkissaksóknara samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 með stefnu 17. september 1981. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ökuleyfissviptingartími verði stytur, en héraðsdómur staðfestur að öðru leyti og kostnaður við áfrýjun málsins greiddur úr ríkissjóði að undanskildum málsvarnarlaunum.

Verjandi tók undir kröfugerð ákærvaldsins að öðru leyti en því, að hann krafðist þess, að málsvarnarlaun sér til handa yðu lögð á ríkissjóð.

Ágrip barst Hæstarétti 22. desember 1982.